

Bæjarstjóri.

Birgir Gunnarsson

Ísafirði 16 september 2020

Efni: Lækkun á hafnargjöldum vegna verkefnaskorts í heimsfaraldri.

Eins og flestum er kunnugt þá er heimsfaraldur að leika ferðapjónustuna grátt ekki síst hér á Ísafirði. Við hjá Amazing Westfjörds höfum ekki farið varhluta af þessu ástandi. Við gerum að mestu út á skemtiferðaskipin. Að okkar mati er ekki verjandi að leggja upp laupana og hætta, því að það er full þörf á þessari afþreyingu, sem er hvala og náttúrulífssiglingar um Ísafjarðardjúp. Bæjarfélag eins og Ísafjörður verður að geta boðið upp á fjölbreytta afþreyingu þegar allt fer í gang aftur, en þessi faraldur mun ganga yfir eins og annað.

Farþegafjöldi hjá okkur fór úr 1500 farþegum árið 2019 niður í 350 farþega þetta árið, rekstur þessa litla fyrirtækis sem er aðeins 3 ára gamalt er mjög þungur, það þarf lengri tíma til að koma slíku fyrirtæki á sæmilegan rek spöl. Það má segja frá því að í lok febrúar s.l var búið að bóka 62% meira en sama tíma árið á undan, það var nánast allt farið í maí.

Báturinn okkar Ölver er 77 tonn og engin möguleiki að minnka kostnað með að taka hann upp á land, því verðum við að vera við bryggju allt árið með verulegum kostnaði. Núna í ár var báturinn aðeins gerður út frá byrjun júlí til 15 ágúst, var þá komin í hafnlegu þetta árið. Hann var t.d komin í hafnlegu 1,10,2019.

Óska ég eftir því að Ísafjarðar bær sjá sér fært um að hjálpa okkur að komast yfir þennan erfiða hjalla, með því að lækka gjöld, svo sem hafnargjöld að minnsta kosti um það sem ekki er notað og jafnvel meira.

Með fylgjandi er afrit af síðasta reikning.

Eins og júlí reikningur lítur út þá gæti þetta verið svona.

Mánaðagjald fast legupláss er	16,698
Það gæti verið venjulegt gjald sem er	12,942
Vatn er ekkert notað,	1,760 verði 0 kr
Sorpgjald er ekkert notað	2,135 verði 0 kr
Rafmagn tengigjald það er tengt einu sinni ef rafmagn fer af þá er það ég sem redda því aftur, það er núna	5,359 verði 0 kr
Rafmagn til skipa, það eru þið að borga OV og hafið verulega framlegð af því, ég borga það áfram, ég er búinn að lækka alla ofna eins og hægt er.	
það er núna í júlí	19,691
Reikningurinn fyrir júlí er	45,643 án vsk
Sami reikningur væri að teknu tilliti	32,633 án vsk

Þetta kæmi til með að hjálpa til við að láta þetta ganga hjá okkur í vetur, eða þar til að allt verði eins og það var.

Með vinsemd og virðingu.

Fyrir hönd Amazing Westfjords ehf
Ragnar Ágúst Kristinsson.
Framkvæmdastjóri.